

Aðildarreglur Myndstef

1. Rétt til inngöngu í Myndstef eiga hagsmunasamtök og stofnanir sem fara með höfundarétt að myndverkum eins og skilgreint er í 1. mgr. 1. gr. samþykta Myndstefs. Aðildarfélög Myndstefs eru 19 talsins: Arkítektafélag Íslands, Fatahönnunarfélag Íslands, Félag húsgagna og innanhúsarkitekta, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Félag íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra samtímaljósmyndara, Félag íslenskra teiknara, Félag vöru- og iðnhönnuða, Grafía, Hönnunarmiðstöð Íslands, Íslensk grafík, Leirlistafélagið, Ljósmyndarafélag Íslands, Myndhöggvarafélagið, Myndlistarfélagið, Samband íslenskra myndlistamanna, Textílfélagið. Fulltrúaráð fjallar um nýjar aðildarumsóknir og þarf samþykki 2/3 hluta aðildarfélaga til þess að aðild teljist samþykkt.
2. Aðilar (einstaklingar og rétthafar) ofangreindra félaga teljast fullnægja skilyrðum um félagsaðild að Myndstefi. Þeir aðilar verða sjálfkrafa félagsmenn Myndstefs hafi þeir veitt sérstakt og sannanlegt samþykki fyrir slíkri aðild. Samþykki þetta þarf ekki að vera skriflegt. Slíkt samþykki telst veitt þegar rétthafi fær inngöngu í aðildarfélag að því tilskildu að rétthafa séu gefnar skýrar upplýsingar um þær skyldur og réttindi sem felast í aðild. Að því tilskildu skulu aðildarfélög Myndstefs setja sérstakt ákvæði um aðild í Myndstef í samþykktir sínar sem tilgreinir hvers efnis Myndstef skuli fara með réttindi tengd endurnotkun verka eða höfundarétti félagsmanna sinna, þar með talið í formi samningskvaðar. Að auki skulu aðildarfélög Myndstefs senda skýra tilkynningu til nýskráðra félagsmanna sinna um aðild í Myndstef og hvað í henni felst, sem og hafa upplýsingar á heimasíðu félags um hvað felst í því að vera sjálfkrafa meðlimur Myndstefs, ef svo á við.
3. Að auki geta þeir aðilar sem hljóta inngöngu í gegnum aðildarfélög Myndstefs skilað inn þartilgreindu skriflegu umboði, til að mynda ef Myndstef tekur að sér einstaka mál fyrir myndhöfund. Umboðið tilgreinir einnig hvers efnis Myndstef skuli fara með réttindi tengd endurnotkun verka eða höfundarétti þeirra. Umboð þetta er aðgengilegt rafrænt á heimasíðu Myndstef hér (sjá nánar um efni þessa umboðs hér í 4. gr.):
<https://myndstef.is/hofundar/adild/>
4. Myndhöfundar geta einnig verið utan félags og öðlast svokallaða einstaklingsaðild, ef þeir eru starfandi myndhöfundar eða eiga hagsmuna að gæta vegna birtingar og annarrar hliðstæðrar notkunar á myndverkum þeirra en standa utan aðildarfélaga. Félagsmenn Myndstefs sem hljóta svokallaða einstaklingsaðild skulu einnig undirrita ofangreint umboð sem tilgreinir hvers efnis Myndstef skuli fara með réttindi tengd endurnotkun verka eða höfundarétti þeirra. Þeir skulu einnig tilgreina og skilgreina sérstaklega hvort e-r tegund réttinda, flokkur eða annað efni, skilu vera undanskilið umboði og því réttindavörslu. Umboð þetta tryggir undirritun félagsaðild í samræmi við hlutverk og skyldur Myndstefs, auk aðgangs að ókeyppis lögfræðiráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga. Þrátt fyrir umboð þetta getur rétthafi veit leyfi til notkunar verka sinna, ef notin eru ekki í viðskiptalegum tilgangi og gildir hér meginreglan um að rétthafa er í sjálfvald sett að fara með umsýslu réttinda sinna, kýs hann svo. Aðild í Myndstef tekur gildi samstundis, ef skilyrði teljast uppfyllt. Ef vöntun er á upplýsingum eða umsókn hafnað verður haft samband við myndhöfund, sem á þá rétt á

rökstuðningi fyrir höfnun. Umboð þetta er aðgengilegt rafrænt á heimasíðu Myndstef hér:
<https://myndstef.is/hofundar/adild/>

5. Réttthafar eða erfingjar látinna listamanna skulu einnig skila inn sérstöku umboði til Myndstefs, eftir að hafa sammælast um hver þeirra komi fram fyrir hönd erfingja, ef þeir eru fleiri en einn. Umboð þetta má nálgast á skrifstofu Myndstefs.
6. Aðild að Myndstef fer eftir þeim réttindum og skyldum sem eru taldar upp í samþykktum Myndstefs hverju sinni. Í stuttu máli felur aðild í sér eftirfarandi: Við aðild að Myndstef öðlast Myndstef rétt til gæslu á notkunar- og birtingarrétti (höfundarétti) myndverka sem þegar hafa verið birt. Gildir þessi réttur samhliða eigin ráðstöfunarrétti félagsmanns um endurnotkun verka sinna, sem er enn meginreglan. Tekur réttargæslan til hvers konar hagsmunagæslu varðandi höfundarétt félagsmanns, þar með talda heimild Myndstefs til að gera heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar, sbr. 12.gr. b. og 3. mgr. 14. gr. höfundalaga á grundvelli 2. mgr. 26. gr. a. Einnig tekur hagsmunagæslan til þeirra tilvika þar sem einstaklingar, félög eða opinberir aðilar endurnota myndverk, og jafnframt vegna gagnkvæmnissamninga við sambærileg samtök myndhöfunda erlendis. Myndhöfundar skulu undirrita þartilgreint umboð um réttindagæsluna, sem má nálgast á heimasíðu Myndstefs og undirrita má rafrænt: <https://myndstef.is/hofundar/adild/>. Myndstef hefur umboð til að semja um gjald í ofangreindum tilvikum, innan gjaldskrár Myndstefs og innheimta þau, sem og úthluta til félagsmanna, einstaklingsbundið eða í formi styrkja. Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi neina aðra hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar. Enn fremur geta höfundar bannað notkun verka sinna alfarið, og að hluta, og skal tilkynna Myndstef um slíkt. Ef höfundur vill ekki öðlast aðild að Myndstef skal tilkynna það sérstaklega til aðildafélags.“
7. Allir aðilar að Myndstef hafa aðgang að skrifstofu samtakanna yfir opnunartíma (10-14 alla virka daga) eða með því að senda tölvupóst á myndstef@myndstef.is
8. Allir aðilar Myndstef hafa rétt á að sækja aðalfund samtakanna, sbr. 5. gr. samþykktu Myndstefs og hafa þar atkvæðisrétt. Að auki er hægt að senda fulltrúa í sinn stað á aðalfundinn, gegn umboði þar um.
9. Stjórn Myndstef áskilur sér rétt til þess að hafna aðildarumsókn. Í þeim tilvikum er umsækjanda tilkynnt það með tölvupósti ásamt rökstuðningi. Ef óskað er eftir upplýsingum eða staðfestingu á aðild má hafa samband við skrifstofu Myndstefs (5627711/myndstef@myndstef.is).

Aðildarreglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundum Myndstefs 13. mars 2019